

## ✉ Re: FS: Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar - beiðni um umsögn

Búið til	19.8.2020 13:56:44
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	19.8.2020 13:56:43
Tilheyrir	📁 202008-0009 - Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar - beiðni um umsögn

### Efni

Re: FS: Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar - beiðni um umsögn

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	19.8.2020 13:56:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonsmari@skipulag.is, egill@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202008-0009 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 11. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lagningu ljósleiðara, alls um 84 km, frá Hveravöllum að Steinstöðum í Skagafirði. Þar af eru um 15 km leiðarinnar innan friðlands í Guðlaugstungum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir greinargerð Mílu um lagningu framangreinds ljósleiðara, tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Eins og kemur fram í greinargerðinni eru um 15 km af leiðinni innan Guðlaugstungna. Að mestu leiti er ljósleiðarinn lagður meðfram vegslóðum innan friðlandsins en á tveimur stöðum er vikið frá því, alls um 2,5 km af leiðinni þar. Fram kemur í greinargerðinni að sérstakleg verði tekið tillit til þessa að raska ekki svæði með rústamýrum. Utan friðlandsins eru um 17,5 km af leiðinni ekki meðfram vegslóðum (svo virðist sem það sé villa korti sem sýnir yfirlit yfir alla leiðina en þar segir að um 9 km leið sé ekki meðfram vegslóðum innan friðlandsins, þ.e. skýring norðan við Strangakvíslbrú).

Almennt, skv. úttekt Mílu, einkennist lagnaleiðin sem Míla mun velja fyrst og fremst af annars vegar melum og sandlendi (eyðimelavist, grasmelavist og mosamelavist) og hins vegar af mólendi (fjalldrapamóavist). Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tök á að skoða lagnaleiðina á vettvangi (upplausn vistgerðakorts ásættanleg í ca. 1:25.000) en sér ekki ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við framangreint. Þar sem ekki verður farið meðfram vegslóðum skiptir mestu máli að fara ekki um viðkvæm svæði eins og rústamýrar.

Náttúrufræðistofnun telur miðað við þá lýsingu sem kemur fram í greinargerðinni, þ.e. lýsingu á sjálfri framkvæmdinni og með hliðsjón af því landi (vistgerðum) sem farið er um og auk þess sem langstærsti hluti leiðarinnar er meðfram núverandi vegslóðum, þá sé ekki líklegt að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum. Þessi afstaða er með hliðsjón af m.a. þekktum áhrifum af lagningu ljósleiðara á öðrum svæðum, með þeim aðferðum sem lýst er, sem hafs sýnt að „flest öll“ ummerki um lagningu ljósleiðara hverfa tiltölulega fljótt ef farið er um svipað land og hér um ræðir og rétt er að verki staðið. Ljósleiðarinn er

lagður utan varptíma fugla og er það kostur. Mikilvægt er að eftirlit sé haft með lagningu ljósleiðarans, a.m.k. innan friðlandsins, þar sem það á við og að öllu raski sé almennt haldið í lágmarki t.d. með því að velja „smávægilegar“ breytingar á lagnaleið til að forðast viðkvæm svæði og auk þess þarf að tryggja góðan frágang. Innan friðlandsins þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**Frá:** Jón Smári Jónsson <jonsmari@skipulag.is>

**Sent:** þriðjudagur, 11. ágúst 2020 13:23

**Til:** hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; byggingarfulltrúi@hunavatnshreppur.is; runargu@skagafjordur.is; skagafjordur@skagafjordur.is; for@for.is; hafogvatn@hafogvatn.is; hnv@hnv.is; postur@minjastofnun.is; Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>; Móttaka - NI <mottaka@ni.is>; Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>; Umhverfisstofnun (ust@ust.is) <ust@ust.is>; Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>; Vegagerðin - VG <Vegagerdin@vegagerdin.is>  
**Efni:** Lagning ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar - beiðni um umsögn

Heil og sæl,

Meðfylgjandi er greinargerð tilkynningar auk ítarefnis um matsskyldu varðandi fyrirhugaða lagningu ljósleiðara frá Hveravöllum til Skagafjarðar.

Tilkynningin verður pósthöfð ásamt umsagnarbeiðnum. Umsagnarfrestur er til 26. ágúst 2020. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstfangið jonsmari@skipulag.is (mailto:jonsmari@skipulag.is) og egill@skipulag.is (mailto:egill@skipulag.is)

Óskað er eftir því að vinnu við umsögnina verði flýtt eins og kostur er sökum knapps framkvæmdatíma, verði niðurstaða ákvörðunar Skipulagsstofnunar á þann veg að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

jonsmari@skipulag.is (mailto:jonsmari@skipulag.is)

www.skipulag.is (http://www.skipulag.is)

www.facebook.com/skipulagsstofnun (http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)